

um tilraunaveiðar á úthafs-rækju fyrir Austurlandi.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það nú þegar, að hafnar verði tilraunaveiðar á rækju á djúpslóðum fyrir Austurlandi. Fengin verði a. m. k. tvö skip til þessara veiða, veiðitilraunir standi eigi skemur en þrjá mánuði og verði rekstur skipanna í sem nánustu samráði við fiskifræðinga.

Greinargerð.

Af eðlilegum ástæðum fara nú fram miklar umræður um veiðimöguleika fiskiskipastóls okkar og þá er gjarnan litið til nýrra leiða, menn huga gjarnan að nýjum stofnum sem hægt sé að beina veiðum okkar að í ríkara mæli. Um orsakir þessarar umræðu er óþarft að ræða.

Þegar um nýja möguleika er rætt, er eðlilegt að litið sé til úthafs-rækjunnar, og þá ekki síst hafa austfirðingar áhuga á því að veiðimöguleikar séu kannaðir í fullri alvöru. Þar dugar ekki skammtímaleit, heldur beinar tilraunaveiðar, og til þeirra þarf að tryggja hentug skip og veita þeim þá aðstöðu, sem gerði veiðarnar sem mark-tækastar.

Til þessara tilraunaveiða þarf verulegan fjárstuðning, eða þá að ríkið sjálft stæði beinlínis að veiðunum. Útgerðaraðilar hafa ekki möguleika á því að stunda veiðar sem þessar, aukakostnaður er mikill í byrjun og áhættan of mikil, því enn ríkir alger óvissa um það hversu til mundi takast, þó horfur virðist góðar.

Sjómenn hafa löngum orðið varir rækju fyrir Austfjörðum. Sumarið 1975 fór Hafþór í rækjuleit fyrir Austfjörðum, og þar kom í ljós að víða fannst rækja, og djúpt út af Vattarnesi fékk Hafþór ágætan afla, eða 200 kg á klst. af stórri og góðri rækju. Áður hafði fengist ágætur afli út af Héraðsflóa. Þessi rækja er sérstaklega hentug til sölu — sveiflur á markaðsverði minni en varðandi smærri rækju — auk þess sem hér gæti opnast ný veiðislóð fyrir þorskveiðibáta okkar — þá sem nú eru jafnvel uppi tillögur um að leggja í 2—4 mánuði á næsta sumri. Það hlýtur því að teljast sjálfsagt að allra leiða sé leitað. Uppi eru þegar á Alþingi tillögur um leit og veiðar á spærlingi, kolmunna og loðnu.

Flm. telur, að málið sé það brýnt, að skipulegar veiðar eigi að hefja á sumri komanda með beinni aðstoð opinberra aðila, svo sem Fiskimálasjóðs, og undir umsjá Hafrannsóknastofnunar.

Sérstakar óskir hafa komið fram frá reyðfirðingum um það, að þessar veiðar fari fram, einkum með tilliti til þeirrar jákvæðu niðurstöðu, sem Hafþór fékk sumarið 1975 út af Vattarnesi. Þar þykir mönnum einsýnt að sem fyrst þurfi að ganga úr skugga um það, hvort hér sé um það magn að ræða, sem á mætti byggja veiðar með tilheyrandi vinnslu.

Áhugi reyðfirðinga sérstaklega á þessu máli er auðskilinn. Miðin eru út af firðinum, sjávarútvegur og fiskvinnsla eru þar enn í lágmarki miðað við Austfirði almennt, en til er á staðnum aðstaða, sem hentar vel til rækjuvinnslu, en er nú ó-notuð. Þar er einnig að finna skip, sem kjörin eru til þessara veiða.

Það er því að vonum að menn þar vilji fá úr því skorið sem fyrst, hvers vænta má af rækjuveiðum út af Austfjörðum. Miðað við útlit og horfur og nýlegar tillögur um stöðvun fiskiskipastóls okkar hlýtur hér að vera um þjóðhagslega nauðsyn að ræða einnig, því einskis má láta ófreistað að koma í veg fyrir allar ógæfutilögur af þessu tagi. Hér er því beint lagt til, að skip verði fengin til veiða í sumar með atbeina ráðuneytis og Hafrannsóknastofnunar og tilheyrandi fjárhagsaðstoð og skipulegar veiðar verði stundaðar í þrjá mánuði. Hér þarf ákveðnar aðgerðir og skipulegar þegar í stað. Því er tillaga þessi flutt.